

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir saltfiskafurðir.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið ákveðið, að sá verðgrundvöllur fyrir saltfiskafurðir, sem tók gildi 1. október 1987 og gilda átti til 31. desember 1987, verður framlengdur til 31. janúar 1988.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. janúar 1988.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

8. janúar 1988

Nr. 24

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði eystra, sbr. 6. gr. 7. tl. laga nr. 109/1984.

1. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá nr. 49/1986 skulu vera sem hér segir:

Eftirlitsgjöld:

1. flokkur	kr. 6 000,00
2. flokkur	kr. 12 000,00
3. flokkur	kr. 24 000,00
4. flokkur	kr. 36 000,00

Leyfisgjöld:

1. flokkur	kr. 1 560,00
2. flokkur	kr. 3 120,00
3. flokkur	kr. 6 240,00
4. flokkur	kr. 9 360,00

Fyrir hvert vottorð sem heilbrigðiseftirlit lætur í té skal innheimta kr. 480,00.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga sem standa að heilbrigðiseftirliti á Norðurlands-
svæði eystra samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit staðfestist
hér með samkvæmt lögunum til þess að öðlast gildi frá og með birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. janúar 1988.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.